

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um uppsafnaðan halla ríkissjóðs.

Uppsafnaður heildarhalli ríkissjóðs árin 2020–2027 er áætlaður rúmlega 826 milljarðar kr. Er þá miðað við A1-hluta ríkissjóðs sem er sá hluti ríkissjóðs sem fellur undir 1. gr. fjárlaga og töluleg skilyrði 7. gr. laga um opinber fjármál¹ og gildandi fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027. Áætluð heildarafkoma á ári kemur fram í meðfylgjandi töflu. Eins og tölurnar bera með sér varð gríðarlegur halli á afkomu ríkisfjármála af völdum efnahagslegra áhrifa kórónuveirufaraldursins og veigamikilla mótvægisráðstafana stjórnvalda. Sá halli tók að ganga til baka þegar á árinu 2021 og hefur verið undið enn frekar ofan af honum með fjárlögum fyrir árin 2022 og 2023. Samkvæmt nýframlagðri fjármálaáætlun verður haldið áfram á sömu braut í markvissum skrefum og afkomunni snúið aftur í afgang innan nokkurra ára.

Ríkissjóður (A1-hluti)									Uppsafnað
ma.kr. á verðlagi hvers árs	2020 ¹	2021 ¹	Horfur ¹	Fjárlög ¹	FÁ ²	FÁ ²	FÁ ²	FÁ ²	2020-2027
			2022	2023	2024	2025	2026	2027	
Heildarafkoma	-241,6	-227,1	-139,9	-119,6	-54,9	-27,2	-13,2	-2,6	-826,1

¹ Heildarafkoma miðað við lokastöðu fjárlaga ársins 2023 (desember 2022).

² Samþykkt fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027.

¹ Nánar er fjallað um flokkun ríkisaðila í 6. kafla fjárlagafrumvarps fyrir árað 2023 og í viðauka 1 um reikningshaldslega framsetningu opinberra fjármála í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027.